

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 877/2018, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

1. gr.

Breyting.

Í stað tilvísunarinnar „1. tölul. 1. mgr. 2. gr.“ og dagsetningarinnar „1. janúar 2021“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í reglunum kemur: 1. tölul. 2. mgr. 2. gr.; og: 31. desember 2022.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, og sem hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 9. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir,
frkvstj. skrifstofu bankastjóra.

Fylgiskjal.

Samþykki ráðherra.

Með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur Seðlabanka Íslands um breytingu á reglum nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 9. september 2021.

Bjarni Benediktsson.

Guðrún Þorleifsdóttir.